

um frumvarp til laga um vitagjald.

Nefndin, sem háttvirt deild fól að ihuga þetta mál, ræður til að samþykkja frumvarpið, en vill þó gera á því eina breytingu.

Lágmark vitagjaldsins telur nefndin sett nokkuð hátt og þykir rétt að það sé ekki hærra en 4 krónur.

Samkvæmt því leggur nefndin til að háttvirt deild samþykki eftirfarandi breytingu.

Við 2. málsgrein 1. greinar.

Í stað orðanna »5 krónur« komi 4 krónur.

Efri deild alþingis, 23. marz 1911.

J. Haysteen,
formaður.

Aug. Flygenring,
skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Gunnar Ólafsson.

Sigurður Hjörleifsson.